

Reykjavík, 10. júní 2016

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

IS/es  
Málsnr.: R16060082  
Skjalasafn Ráðhúss  
13. júní 2016  
Bréfalykill: 5214-1

**Efni: Ósk um samþykki fyrir lántöku frá EIB (evrópska fjárfestingabankanum).**

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. maí sl. var m.a. bókað:

Lögð fram svohljóðandi tillaga um lán frá EIB bankanum. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir lántöku hjá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB) að fjárhæð EUR 70 milljónir (c.a. 10 milljarðar) og jafnframt heimild forstjóra eða framkvæmdarstjóra fjármála til að undirrita öll skjöl sem þessi lántaka nær yfir. Lántakan er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og er háð samþykki og ábyrgð eigenda OR.*

Umræður.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Í samræmi við framangreint er nú óskað samþykkis eigenda vegna ábyrgðar þeirra á láninu.

Meðfylgjandi er greinargerð sú sem lögð var fyrir stjórn, ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra fjármála um málið, dags. í dag. Er þess óskað að erindið verði tekið fyrir hjá eigendum sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir, ritari stjórnar OR:

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð, dags. 23.5.2016, sem lögð var fyrir stjórn OR.  
Minnisblað framkvæmdastjóra fjármála OR, dags. 10. júní 2016.

### Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir lántöku hjá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB) að fjárhæð EUR 70 milljónum (c.a 10 milljarðar) og jafnframt heimild forstjóra eða framkvæmdarstjóra fjármála til að undirrita öll skjöl sem þessi lántaka nær yfir. Lántakan er í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun og er háð samþykki og ábyrgð eigenda OR

### Greinargerð

Samkvæmt fjárhagsáætlun var samþykkt að fara í fjármögnun vegna fjárfestinga dótturfélaga ásamt því að stefna að því að hafa veltufjárhlutfall nálægt einum sem er í samræmi við áhættustefnu OR og fjárhagsleg markmið sem samþykkt er af eigendum og stjórn OR. Taflan fyrir neðan sýnir fjármögnunaráætlun:

Áætluð fjármögnun OR	2015	2016	2017	2018	Samtals
VNV	6.000	3.650	6.500	7.000	23.150
GVT	0	6.000		0	6.000
<b>Samtals</b>	<b>6.000</b>	<b>9.650</b>	<b>6.500</b>	<b>7.000</b>	<b>29.150</b>
<i>Nú þegar fjármagnað</i>	<i>0</i>	<i>1.030</i>			<i>1.030</i>
<b>Ófjármagnað</b>	<b>6.000</b>	<b>8.620</b>	<b>6.500</b>	<b>7.000</b>	<b>28.120</b>

Samkvæmt töflunni að ofan á eftir að fjármagna 14,62 milljarða til ársloka 2016 þegar einnig er tekið tillit fjármögnunaráætlunar ársins 2015.

Viðræður um lántöku hjá EIB hafa staðið yfir í um eitt og hálf ár og fékkst staðfesting frá bankanum um að bankinn hafi samþykkt lántöku fyrir allt að EUR 70 milljónum og hefur áður verið kynnt í stjórn OR.. Lánið yrði til 15 ára og einungis vaxtagreiðslur fyrstu 4 árin. Hægt verður að draga á lánið næstu 3 árin en mikilvægt að draga á hluta næstu 12 mánuði. Með því að fá 15 ára lán frá EIB þá er verið að lengja í meðallíftíma lánasafnsins er meira í takt við meðallíftíma eigna hjá OR en meðallíftími lána er komin niður fyrir 6 ár. Kjör á láninu liggja ekki fyrir en ljóst er að þau verða afar hagkvæm en rætt hefur verið um að vextir verði rúmlega 1% ef miðað er við vexti á evru. Hægt er að draga á lánið til allt að þriggja ára en í áætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir að dregið sé á lánið fyrir 40 milljónir evra.

Til viðbótar við fjármögnun hjá EIB var gert ráð fyrir að gefa út skuldabréf og hefur stjórn samþykkt að gefa út skuldabréf að fjárhæð 4,5 milljarða, búið er að gefa út fyrir 1,03 milljarða og er stefnt að frekari reglulegri útgáfu næstu mánuði.

Einnig er verið að kanna ýmsa aðra möguleika, t.d. að endurfjármagna skuldabréf sem OR gaf út með sölu á hlut sínum í HS Orku og er í eigu Lífeyrissjóð Verslunarmanna. Það er á gjalddaga í desember 2016.

Virðingafyllt, Ingvar Stefánsson.